

## Samningur um vallarumhirðu og sumarafleysingar í Íþróttamiðstöð

Sveitarfélagið Hornafjörður kt. 590169-4639 og knattspyrnudeild Umf. Sindra gera með sér eftirfarandi samning.

1. Knattspyrnudeild Umf. Sindra tekur að sér að sinna verkefnum vegna vallaumhirðu á Sindra- og Mánavöllum, spark- og körfuboltavöllum, strandblaksvöllum, starfsemi í Bárinni og vegna sumarafleysinga í íþróttahúsunum á Höfn og í Mánagarði. Meirihluti verkefnanna eru tilgreind og tímasett í fylgiskjali með þessum samning en mikilvægt er að taka fram að vallarumhirða mun alltaf háð breytingum í samræmi við verður og ástand valla hverju sinni.
2. Starfsmenn á vegum knattspyrnudeildar geta verið fleiri en einn en deildin tilnefnir einn ákveðinn starfsmann sem verkstjóra. Verkstjórinn er tengiliður við Gunnar Inga Valgeirsson forstöðumann íþróttamannvirkja (GÍV) lýtur verkstjórn hans.
3. Knattspyrnudeild Umf. Sindra tekur vallarumhirðu og sumarafleysingar í Íþróttamiðstöð að sér í verktakavinnu og fær greitt fyrir það kr. 3.975.000 sem greiðast í tvennu lagi; 1. júní og 15. september.
4. Forstöðumaður íþróttamannvirkja ber ábyrgð á framkvæmd samningsins og sinnir eftirliti með efndum á honum á reglulegum verkefnafundum með verkstjóra þar sem farið er yfir þau verkefni sem unnið er að.
5. Uppfylli knattspyrnudeild Umf. Sindra ekki ákvæði samningsins getur Sveitarfélagið Hornafjörður beitt áminningu. Bregðist Umf. Sindri ekki við innan 10 daga fellur samningurinn úr gildi.
6. Samningur þessi gildir frá 1. apríl til 30. september 2024.

---

f.h. Sveitarfélagsins Hornafjarðar

---

f.h. Knattspyrnudeildar Umf. Sindra

Rafræn undirritun

## Fylgiskjal með samningi um vallarumhirðu við knattspyrnudeild Sindra.

### Verkefnalisti fyrir vallarumhirðu Jökulfellsvöll og Mánavalla sumarið 2024.

Markmiðið er að íþróttavallarsvæði sveitarfélagsins séu í sem bestu ásigkomulagi fyrir íþróttafólk í sveitarfélaginu en einnig almenning sem vill nýta það sér til heilsueflingar og gleði. Að umhirðan um vallarsvæðin og nánast umhverfi þeirra sé með þeim hætti að þau séu ávallt hrein og snyrtileg svo eftir sé tekið. Það skilar sér í bættri umgengni.

### Verkefnalisti (ath. listinn er ekki tæmandi)

- Umsjón og eftirlit með Bárinni, strandblakvöllum, sparkvelli, körfuboltavelli, Jökulfellsvelli og Mánavelli.
- Þrif og eftirlit með salernisgám við Báru
- Gera Sindra- og Mánavelli klára fyrir íþróttaviðburði og ganga frá.
- Húsvarsla í Mánagarði þegar leikir eru
- Húsvarsla í íþróttahúsi Hornafjarðar (sumarافلseysingar)
- Hreinsa hlaupabraut og gera klára fyrir sumarið og ganga frá að hausti (vorhreinsun og hausthreinsun á tartani.)
- Stinga upp stökkgryfjur (gert á hverju vori og oftast ef óskað er eftir yfir sumarið)
- Sinna minnháttar viðhaldi á vallarsvæðinu sbr. gátlista –
- Halda vallarsvæðinu hreinu og snyrtilegu, bæði innan vallar og utan – það þýðir reglulega ruslatýnslu, tína steina, sópa, bera í og fleira.
- Kalla eftir því að ruslatunnur sé tæmdar eftir þörfum

### Nánari vinnutilhögun

- Byrja hvern morgun á því að fara yfir Báruna tína rusl þar inni en líka á leiðinni og hirða óskilafatnað.
- Salernin á að þrifa einu sinni á dag, vaska, spegla og upp á vegg og fylla á salernispappír. Klósettin eru ekki læst á virkum dögum. Um helgar skal þeim læst.
- Vökva þegar þörf er á (fer eftir veðri, ekki hægt að vökva Mánavöll)
- Halda íþróttasvæðinu hreinu og snyrtilegu, hirða rusl og óskilafatnað.
- Koma í veg fyrir að fólk fari með hjól inn á svæðin, minna þjálfara á að hjálpa til með þetta verkefni.
- **Til upplýsinga**
- Sláttur, söndun og áburðargjöf er í höndum Dilksnes ehf. og er það unnið í samráði við forstöðumann íþróttamannvirkja.

Forstöðumaður íþróttamannvirkja kennir viðkomandi starfsmanni að þrifa salerni og annað sem þarf að þrifa, einnig kennir hann honum verklag við merkingar valla og önnur verk er starfsmaður sinnir sem talin eru upp hér að ofan. Hann ber einnig ábyrgð á því að verkin séu unnin.

Gunnar Ingi Valgeirsson Forstöðumaður íþróttamannvirkja Hornafjarðar.



Vallarumhirða 2024						
	Verkefni	Áætlaður tímarammi	Verklok	Endurtekið verk	Dags	
Sindra-völlur						
	Klukka Ný	Apríl.	Maí			
	Hreinsa tartan	Maí og Ágúst				Vor og Haust
	Kantskurður meðfram rennum	Maí				Vor og þegar þess er þörf
	Hreinsa varamannaskili	Apríl.				Eftir þörfum yfir sumarið
	Stökkgryfjur stinga upp og bæta sandi ef við á.	Maí				
	Yfirfara skilti	Apríl.				
	Yfirfara stúku	Maí				
Spark-völlur						
	Hreinsa völl og kannta	Júní				
	Þrífa og bera í grindverk	Júlí				
	Þrífa meðfram sparkvöll	Júní og ágúst				Eftir þörfum yfir sumarið
Báran						
	WC Gámur þrif á hverjum degi	Apríl.				
	Þrífa að utan sem innan	Júní- júlí				
	yfirfara ruslatunnur og tæma reglulega					
Strand-blak						
	Bæta sand	Maí				
	setja upp net	Maí				



	Fara reglulega með hrífu og slétta.	júní til september				
Æfinga-vellir						
	Hreinsa rusl meðfram Víkurbraut	Apríl.				Eftir þörfum yfir sumarið
	tiltekt við velli Álaleiru	Apríl.				Eftir þörfum yfir sumarið
Annað						
	Láta Áhaldahús vita þegar ruslatunnur á íþróttasvæði eru fullar					Eftir þörfum yfir sumarið

